KV 2026-05

HAF- OG VATNARANNSÓKNIR
MARINE AND FRESHWATER RESEARCH IN ICELAND

# Handbók um stofnmælingu beitukóngs í Breiðafirði 2026

*Jón Sólmundsson, Svanhildur Egilsdóttir, Jónas Páll Jónasson*

HAFRANNSÓKNASTOFNUN
Rannsókna- og ráðgjafarstofnun hafs og vatna
MARINE & FRESHWATER RESEARCH INSTITUTE

Handbók um stofnmælingu beitukóngs í Breiðafirði 2026

*Manual for the population survey of whelk in Breiðafjörður 2026*


| | |
|---|---|
| **Höfundar** | Jón Sólmundsson, Svanhildur Egilsdóttir, Jónas Páll Jónasson |
| **Verkefnisstjóri** | Jón Sólmundsson |
| **Samþykkt af** | Jónas Páll Jónasson, sviðsstjóri Botnsjávarsviðs |



Haf- og vatnarannsóknir / Marine and Freshwater Research in Iceland

| | | | |
|---|---|---|---|
| **Númer** | KV 2026-05 | **ISSN** | 2298-9137 |
| **Dagsetning** | 3. september 2026 | **Dreifing** | Opin |
| **Fjöldi síðna** | 21 | **Verknúmer** | 9129 |



© Hafrannsóknastofnun, rannsókna- og  ráðgjafarstofnun hafs og vatna

# Ágrip

Í þessari handbók er lýst fyrirhugaðri framkvæmd rannsóknaverkefnisins „Stofnmæling beitukóngs í Breiðafirði 2026“. Yfirlit er gefið um sambærilega leiðangra sem fram fóru árin 1997/1998 og 2012. Lýst er umfangi gagnasöfnunar, aðferðum sem beitt skal við söfnun sýna, umfangi og aðferðum við söfnun líffræðilegra upplýsingum, skráningu mælinga og stöðvaupplýsinga. Einnig eru gefnar staðsetningar og aðrar upplýsingar um rannsóknarstöðvar.



**Lykilorð**: handbók, stofnmæling, beitukóngur, *Buccinum undatum*, gildrur, Breiðafjörður, grjótkrabbi, trjónukrabbi



# *Abstract*

*This handbook describes the planned implementation of the research project "Population survey of whelk in Breiðafjörður 2026". An overview is given of comparable surveys carried out in 1997/1998 and 2012. It describes the scope of data collection, the methods used for sample collection, the scope and methods for collecting biological data, the recording of measurements and station information. Locations and other information on research stations are also provided.*



***Keywords**: Handbook, population survey, whelk,* Buccinum undatum*, traps, Breiðafjörður, rock crab, spider crab*

# Efnisyfirlit

**1 Inngangur** ..... **5**

**2 Skipulag rannsókna** ..... **6**

2.1 Rannsóknasvæði og stöðvanet ..... 6

2.2 Rannsóknatími ..... 7

2.3 Lýsing á veiðarfæri ..... 7

**3 Gagnasöfnun** ..... **7**

3.1 Skráning stöðvaupplýsinga ..... 7

3.2 Skráning umhverfisþátta ..... 8

3.3 Mælingar á sýnum ..... 9

3.4 Söfnun og frysting beitukóngs ..... 10

**Viðauki 1: Gátlisti fyrir leiðangur** ..... **11**

**Viðauki 2: Upplýsingar um stöðvar** ..... **12**

Viðauki 2.1: Upplýsingar um stöðvar í stofnmælingu beitukóngs 2012 ..... 12

Viðauki 2.2: Upplýsingar um stöðvar í stofnmælingu beitukóngs 1997-1998 ..... 15

**Viðauki 3: Helstu tegundir** ..... **20**

# 1 Inngangur

Helsta markmið þessa verkefnis er að meta breytingar á magni og útbreiðslu beitukóngs (*Buccinum undatum*) í Breiðafirði. Árið 1997 var farinn leiðangur í sunnanverðan Breiðafjörð þar sem reynt var að meta stofnstærð (stofnvísitölu) beitukóngs með því að leggja gildrur og áætla þéttleika út frá afla í þær. Alls voru 98 stöðvar teknar vítt og breitt um suðurhluta Breiðafjarðar þar sem 10 gildrur með u.þ.b. 10 m millibili voru lagðar á hverri stöð (1. mynd). Sumarið eftir voru teknar 95 stöðvar í norðanverðum Breiðafirði. Afli þótti víða nokkuð góður eða allt upp í 10,4 kg í gildru eftir tveggja sólarhringa lögn, en mjög misjafn eftir svæðum.




*1. mynd: Staðsetningar lagna í stofnmælingu beitukóngs árin 1997-1998 (leiðangrar THA1-97 og OM2-98). Tölur sýna hlaupandi stöðvanúmer í hvorum leiðangri.*

Árið 2012 var stofnmælingin 1997-1998 endurtekin og gildrur lagðar á sömu svæðin, en þó ekki í Hvammsfjörð eða ystu rannsóknasvæðin í Breiðafirði þar sem lítið hafði fengist af beitukóngi (2. mynd). Alls var lagt á 163 staði af þeim 194 sem skoðaðir voru árin 1997-1998. Eins og fyrr var afli mismunandi, allt frá 0 til 90 kg á stöð (í 10 gildrur). Auk mælinga á stærð og magni beitukóngs og annarra tegunda sem fengust í gildrurnar, sem framkvæmdar voru jafnóðum á sjó, voru sýni af beitukóngi tekin til frekari rannsókna í landi.




*2. mynd: Staðsetningar lagna í stofnmælingu beitukóngs árið 2012 (leiðangur BJ-2012). Tölur sýna hlaupandi stöðvanúmer í leiðangri.*

Í lok júlí 2026 er stefnt að því að framkvæma stofnmælingu með sambærilegum hætti og árið 2012. Gildrur verða lagðar á sömu staði og aðferðir almennt þær sömu og í fyrri leiðöngrum. Markmiðið er ekki einungis að rannsaka beitukóng í Breiðafirði, heldur einnig aðrar tegundir hryggleysingja sem finnast á búsvæðum beitukóngsins. Þar má helst nefna trjónukrabba og grjótkrabba, en sá síðarnefndi fannst fyrst hér við land árið 2006 og hefur síðan gerst ágengur víða við suðvestan- og vestanvert landið. Handbók þessi lýsir aðferðum sem beitt verður við stofnmælinguna.

# 2 Skipulag rannsókna

## 2.1 Rannsóknasvæði og stöðvanet

Rannsóknasvæðið er innanverður Breiðafjörður, frá mynni Hvammsfjarðar til Grundarfjarðar í suðri, frá Reykhólum að Hagavaðli í norðri og í miðju fjarðarins út af Klofningsnesi að Bjarneyjaál. Stöðvar eru settar út samkvæmt fyrirfram ákveðnu neti þar sem víðast hvar eru 1 mínúta norðlægrar breiddar (t.d. 65°01’50, 65°02’50 o.s.frv) og 5 mínútur vestlægrar lengdar (t.d. 22°37’50, 22°42’50 o.s.frv) á milli stöðva. Í sumum tilfellum þarf að hnika til staðsetningum vegna skerja eða grynninga og þá skal miða við staðsetningar í fyrri leiðöngrum. Norðvestast á rannsóknasvæðinu er stöðvanetið gisnara.

Miða skal við að hver lögn (stöð) sé í sjó í sem næst tveimur sólarhringum (tveggja nátta). Í sumum tilfellum gæti þurft að láta gildrur liggja yfir þrjár nætur t.d. ef veður eru slæm eða af öðrum örsökum, en forðast skal að láta gildrur liggja í fjórar nætur.

Hnit stöðva árið 2012, dýpi og tognúmer eru sýnd í Viðauka 2.

## 2.2 Rannsóknatími

Áætlað er að rannsóknin fari fram innan tímabilsins 17. júlí til 5. ágúst 2026.

## 2.3 Lýsing á veiðarfæri

Á hverri stöð verður lagður einn strengur með 10 beitukóngsgildrum og einni krabbagildru. Bil milli beitukóngsgildra er 10 m en bil milli síðustu beitukóngsgildru og krabbagildru er um 20 m.

Beita í gildrurnar eru þorskhausar, ásamt hluta af þunnildum og lifur, sem látnir eru standa í nokkra daga fyrir notkun. Það er sú beita sem notuð hefur verið við veiðarnar undanfarin ár.



*3. mynd. Beitukóngsgildrur eru af sömu gerð og notaðar voru í fyrri stofnmælingum. Myndin er úr leiðangrinum árið 1997.*

# 3 Gagnasöfnun

Allar mælingar og stöðvaupplýsingar skulu skráðar jafnóðum í gagnasöfnunarforritið *Hafvog*. Mikilvægt er þó að hafa tiltæk eyðublöð til að færa inn gögn ef þörf er á, t.d. ef tæki bila.

## 3.1 Skráning stöðvaupplýsinga

Hver 10 gildru strengur er ein stöð sem fær hlaupandi númer eftir þeirri röð sem lagt er. Hver gildra er skráð sem undirstöð númer 1-10, þar sem undirstöð 1 er á þeim enda sem byrjað var að leggja en

undirstöð 11 er krabbagildra á hinum enda lagnarinnar. Mikilvægt er að þetta fyrirkomulag haldi sér á öllum stöðvum.

Stofna skal nýjan leiðangur í Hafvog þar sem tegund leiðangurs skal skrá sem „Alm. rannsóknaleiðangur". Leiðangursheiti eru fyrstu stafir í nafni bátsins og númer leiðangurs á árinu, þ.e. BA1-2026 (Bára SH-27, skipaskrárnúmer 2274).

Sýnaflokkur er „90 Aðrar rannsóknir". Veiðarfæri er skráð „Net (12) – SMN (712)" en ekki sem „Beitukóngsgildra (39)", því það er eina veiðarfærið sem býður uppá innslátt á undirstöðvar í Hafvog (veiðarfæri verður breytt í gagnagrunni eftir á).

Verkefnisnúmer er 9129 Stofnstærð og vistfræði beitukóngs.

Á stöðvablað – móðurblað í Hafvog skal skrá eftirfarandi: Tognúmer, sem er fast númer samkvæmt leiðangri árið 2012 og gefið er upp í stöðvalista í Viðauka 2, staðsetning í lengd og breidd (gráðum, mínútum og broti úr mínútu), skv. staðarákvörðun GPS þegar fyrsta gildra fer út (Kastað) og þegar síðasta gildra fer út (Híft). Enn fremur skal skrá dýpi í metrum á þessum tveimur staðsetningum. Skrá skal dagsetning og tíma þegar kastað er og híft.

## 3.2 Skráning umhverfisþátta

Upplýsingar um veðurfar sem ríkjandi var á tíma lagnarinnar skulu skráðar samkvæmt eftirfarandi:

**Vindhraði** er skráður í m/sek og má miða við eftirfarandi töflu:

| Vindhraði (m/sek) | Heiti | Áhrif á rúmsjó | Sennileg ölduhæð(m) | Sennileg ein. f. sjó |
|---|---|---|---|---|
| **0 – 0,2** | Logn | Spegilsléttur sjór. | | **0** |
| **0,3 – 1,5** | Andvari | Smágárar myndast, en hvítnar hvergi. | 0,1 | **1** |
| **1,6 – 3,3** | Kul | Ávalar smábárur myndast. Glampar á þær, en ekki sjást þess merki, að þær brotni eða hvítni. | 0,2 | **2** |
| **3,4 – 5,4** | Gola | Bárur, sem sumar hverjar glitrar á. Á stöku stað hvítnar í báru (skýtur fuglsbringum). | 0,6 | **3** |
| **5,5 – 7,9** | Stinningsgola | Allvíða hvítnar í báru | 1 | **3** |
| **8,0 – 10,7** | Kaldi | Allstórar öldur myndast (hugsanlegt að sums staðar kembi úr öldu). | 2 | **4** |
| **10,8 – 13,8** | Stinningskaldi | Stórar öldur taka að myndast, sennilega kembir nokkuð úr öldu. | 3 | **5** |
| **13,9 – 17,1** | Allhvasst | Hvít froða fer að rjúka í rákum undan vindi | 4 | **5-6** |
| **17,2 – 20,7** | Hvassviðri | Löðrið slítur sig úr ölduföldunum og rýkur í greinilegum rákum undan vindi. Holskeflur taka að myndast. | 5,5 | **6** |
| **20,8 – 24,4** | Stormur | Þéttar löðurrákir í stefnu vindsins. Særokið getur dregið úr skyggninu. Stórar holskeflur. | 7 | **7** |
| **24,5 – 28,4** | Rok | Mjög stórar holskeflur. Stórar löðurflygsur rjúka í þéttum, hvítum rákum eftir vindstefnunni. Sjórinn nær því hvítur yfir að líta. Dregur úr skyggni. | 9 | **7-8** |

**Vindátt**: Skrá skal aðaláttir skv. eftirfarandi:

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| **Logn** | **00** | **SA** | **14** | **V** | **27** |
| **NNA** | **02** | **SSA** | **16** | **VNV** | **29** |
| **NA** | **05** | **S** | **18** | **NV** | **32** |
| **ANA** | **07** | **SSV** | **20** | **NNV** | **34** |
| **A** | **09** | **SV** | **23** | **N** | **36** |
| **ASA** | **11** | **VSV** | **25** | **Br.átt** | **99** |

**Veður, ský og sjór**:

| 3. Veður | 4. Skýjamagn | 5. Sjór | Ölduhæð í metrum |
|---|---|---|---|
| 0 Heiðskírt | 0 Engin ský | 0 Ládautt | 0 |
| 1 Skýjað | 1 1/8 eða minna en ekki 0 | 1 Gráð | 0 - 0,1 |
| 2 Alskýjað | 2 2/8 | 2 Sjólítið | 0,1 - 0,5 |
| 3 Sandfok, moldrok | 3 3/8 | 3 Dálítill sjór | 0,5 - 1,25 |
| 4 Þoka eða dimmt mistur | 4 4/8 | 4 Talsverður sjór | 1,25 - 2,5 |
| 5 Úði | 5 5/8 | 5 Allmikill sjór | 2,5 - 4 |
| 6 Rigning | 6 6/8 | 6 Mikill sjór | 4 - 6 |
| 7 Snjókoma eða slydda | 7 7/8 | 7 Stórsjór | 6 - 9 |
| 8 Skúrir | 8 8/8 | 8 Mjög mikill sjór | 9 - 14 |

**Yfirborðshiti** sjávar skal lesinn af mælitæki í brú og skráður með 0,1°C upplausn. Æskilegt er að gera samanburð á sírita og mælitæki bátsins. **Botnhiti**: Síritandi mælar (DST mælar frá Stjörnu Odda) verða settir á tvo strengi þannig að þeir mæli hitastig og dýpi sem víðast á rannsóknasvæðinu. Hitastig verður mælt á 10 mínútna fresti. Einnig skal skrá **lofthita**.

## 3.3 Mælingar á sýnum

Beitukóngsgildrur: Úr hverri gildru (undirstöð) skal í öllum tilfellum vigta heildarafla beitukóngs og skrá í grömmum í *Hafvog* á viðkomandi undirstöð. Að lágmarki skal telja beitukóng úr tveimur gildrum á hverri stöð og ef tími gefst til skal telja beitukónga í hverri gildru. Á hverri stöð skal mæla í millimetrum hæð um 75 beitukónga eða um tvöfalt samfellt lengdarbilið í mm. Mikilvægt er að allar mælingar séu skráðar á rétta undirstöð.

*Dæmi um útreikning á tvöföldu samfelldu lengdarbili: Búið er að mæla um 50 beitukónga og dreifast þeir á lengdarbilið 31-80 mm. Lengdarbilið er þá 50 og mæla þarf 100 beitukónga alls.*

Ekki skal skrá mælda beitukónga sem talda og bent skal á valmöguleikann „Leiðrétta fjölda“ undir „Mælistöð“ í *Hafvog* þar sem fjöldi lengdarmældra einstaklinga af ákveðinni tegund á undirstöð er dreginn frá fjölda talinna.

Aðrar tegundir sem fást í beitukóngsgildrur skulu taldar og vigtaðar. Í fyrri leiðöngrum var oftast um að ræða krabba, krossfiska, ígulker og kuðunga (sjá helstu tegundir og tíðni þeirra í 1. töflu). Myndir og tegundanúmer algengustu tegunda sem fengist hafa í fyrri leiðöngrum eru í Viðauka 3.

Krabbagildrur: Gagnasöfnun með sama hætti og úr beitukóngsgildrum, nema hvað mælingar á kröbbum koma í stað mælinga á beitukóngi (slegið inn í mæliaðgerð 3 Kvörnun í *Hafvog*.

Mæla skal skjaldarlengd/breidd (í mm) krabba sem fást í krabbagildrur. Skjaldarlengd trjónukrabba skal mæla frá augnkrók að afturenda höfuðbols, en mæla skal mestu skjaldarbreidd grjótkrabba og bogkrabba (yfir ystu gadda). Skjaldarbreidd gaddakrabba er mæld milli gadda. Muna þarf að draga fjölda lengdarmælda frá töldum ef þörf er á.

Að auki skal skrá kyn krabbanna og lit eggja hjá kvendýrum með egg undir afturbol. Þá skal skrá skelsýkingu krabba í eftirfarandi stig (byggt á Gíslason et al. 2025: Shell disease dynamic in the non-indigenous Atlantic rock crab (*Cancer irroratus*) in Icelandic waters. NeoBiota 99: 2001-228):

0: Engin sýking sjáanleg
1: Lítil sýking. 1-5 blettir á skyldi og/eða 1-40% skjaldarjaðars sýktur og/eða <5 blettir á fótum og klóm.
2: Mikil sýking. >5 blettir á skyldi og/eða >40% skjaldarjaðars sýktur og/eða >5 blettir á fótum og klóm og/eða klær eyddar/brotnar vegna sýkingar.

Mikilvægt er að taka myndir af kröbbum (ofan frá og neðan) sem lýsa flokkun þessara sýkingarstiga og gefa möguleika á nánari skoðun í landi. Stefnt skal að því að mynda krabba á 1-2 stöðvum á dag ef aðstæður leyfa.

| Tegund nr | Heiti | Vísindaheiti | Fj. gildra |
|---|---|---|---|
| **45** | Beitukóngur | *Buccinum undatum* | 1472 |
| **42** | Trjónukrabbi | *Hyas araneus* | 530 |
| **197** | Krossfiskar | *Asteroidea* | 360 |
| **196** | Hafkóngur | *Neptunea despecta* | 339 |
| **195** | Grænígull | *Strongylocentrotus droebachiensis* | 330 |
| **182** | Einbúakrabbar, Ættkvísl | *Pagurus* | 156 |
| **198** | Marígull | *Echinus esculentus* | 25 |
| **693** | Sæsól | *Crossaster papposus* | 21 |
| **1** | Þorskur | *Gadus morhua* | 17 |
| **310** | Kuðungar | Gastropoda | 15 |
| **238** | Pétursskóngur | *Colus islandicus* | 10 |
| **694** | Roðakrossar, Ættkvísl | *Henricia* | 8 |
| **689** | Grjótkrabbi | *Cancer irroratus* | 7 |
| **272** | Sundkrabbi | *Liocarcinus holsatus* | 5 |
| **312** | Slöngustjörnur | Ophiuroidea | 5 |
| **700** | Humrungar, Ættkvísl | *Galathea* | 4 |
| **43** | Hörpudiskur | *Chlamys islandica* | 3 |
| **194** | Báruskel | *Ciliatocardium ciliatum* | 3 |

1. tafla. Fjöldi gildra þar sem viðkomandi tegund var skráð í stofnmælingu 2012. Krossfiskar (197) eru mest tegundin stórkrossi (*Asterias rubens*), númer 698.

## 3.4 Söfnun og frysting beitukóngs

Á u.þ.b. 10. hverri stöð skal safna 50 beitukóngum, merkja stöð og frysta þegar í land er komið, alls að hámarki 15 sýni í leiðangrinum. Þau sýni verða greind nánar í landi m.a. m.t.t. aldurs, kyns, kynþroska og lengdar-þyngdarsambands.

# Viðauki 1: Gátlisti fyrir leiðangur

- Sækja um rannsóknaleyfi til ráðuneytis
- Athuga með björgunarbúninga
- Lögskrá starfsmenn Hafrannsóknastofnunar hjá Samgöngustofu
- *Með í leiðangur:*

- [ ] Tvær sjóvogir og framlengingarkapall
- [ ] Tölvur með *Hafvog* (önnur í tösku)
- [ ] Nærskiptatæki
- [ ] Rafmagnskefli
- [ ] Þrjú skíðmál (rennimál/skífumál)
- [ ] Tvær digital handvogir (Salter/Brecknell)
- [ ] Ritföng, feltbók, skrifspjald
- [ ] Útprentuð stöðvablöð og mælingablöð
- [ ] Tölvuskrá með stöðvaupplýsingum
- [ ] Sjógalli, kuldagalli, sjóvettlingar
- [ ] Tveir síritandi hitamælar
- [ ] Körfur og fötur fyrir sýni úr gildrum
- [ ] Plöstuð númer til að merkja sýni úr mism. gildrum.
- [ ] Pokar fyrir sýni, merkimiðar og pokar fyrir merkimiða
- [ ] Handbók leiðangurs (verklýsing)
- [ ] Plöstuð blöð með tegundum og númerum

# Viðauki 2: Upplýsingar um stöðvar

Stöðvar skulu lagðar á sömu staði og í stofnmælingu beitukóngs árið 2012, en í þeim leiðangri var miðað við staðsetningar í stofnmælingu sem fram fór árin 1997-1998 (sjá 1. og 2. mynd). Þar sem aðeins ein staðsetning var skráð í leiðangrinum 2012 (Viðauki 2.1), skal miða stefnu lagnarinnar við staðsetningar frá stofnmælingu árin 1997-1998 þar sem skráðar voru staðsetningar beggja enda (Viðauki 2.2). Staðsetningar eru fengnar úr gagnagrunni Hafrannsóknastofnunar.

## Viðauki 2.1: Upplýsingar um stöðvar í stofnmælingu beitukóngs 2012

| Tognúmer | Stöð nr 2012 | Staðsetning N breidd | Staðsetning V lengd | Botndýpi |
|---|---|---|---|---|
| **1** | 17 | 650474 | 223365 | 32 |
| **2** | 16 | 650452 | 223739 | 35 |
| **3** | 15 | 650379 | 223758 | 19 |
| **4** | 26 | 650482 | 224259 | 37 |
| **5** | 22 | 650457 | 224749 | 27 |
| **6** | 149 | 650450 | 225256 | 22 |
| **7** | 147 | 650249 | 225758 | 25 |
| **8** | 148 | 650152 | 225728 | 30 |
| **9** | 25 | 650252 | 225247 | 35 |
| **10** | 150 | 650443 | 225741 | 31 |
| **11** | 24 | 650350 | 225238 | 22 |
| **12** | 23 | 650380 | 224752 | 22 |
| **13** | 164 | 650263 | 231254 | 24 |
| **14** | 163 | 650447 | 231263 | 35 |
| **15** | 160 | 650457 | 230753 | 35 |
| **16** | 159 | 650348 | 230760 | 24 |
| **17** | 158 | 650249 | 230745 | 23 |
| **18** | 157 | 650154 | 230743 | 38 |
| **19** | 156 | 650041 | 230264 | 27 |
| **20** | 155 | 650151 | 230251 | 19 |
| **21** | 154 | 650249 | 230262 | 23 |
| **22** | 146 | 650371 | 230217 | 24 |
| **23** | 145 | 650449 | 230252 | 37 |
| **24** | 19 | 650607 | 223145 | 40 |
| **25** | 20 | 650710 | 223281 | 32 |
| **26** | 21 | 650654 | 223504 | 15 |
| **27** | 18 | 650544 | 223248 | 48 |
| **28** | 28 | 650551 | 223754 | 29 |
| **29** | 27 | 650561 | 224243 | 43 |
| **30** | 29 | 650650 | 224252 | 30 |
| **31** | 30 | 650769 | 224250 | 21 |
| **32** | 31 | 650850 | 224255 | 43 |
| **33** | 32 | 650954 | 224255 | 35 |
| **34** | 34 | 650647 | 224678 | 20 |
| **35** | 33 | 650546 | 224749 | 45 |
| **36** | 35 | 650841 | 224747 | 26 |
| **37** | 36 | 650955 | 224744 | 31 |
| **38** | 152 | 650551 | 225244 | 28 |
| **39** | 74 | 650945 | 225224 | 37 |
| **40** | 142 | 650650 | 225751 | 26 |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| **41** | 141 | 650741 | 225761 | 44 |
| **42** | 73 | 650851 | 225249 | 35 |
| **43** | 72 | 650754 | 225242 | 30 |
| **44** | 153 | 650649 | 225245 | 28 |
| **45** | 151 | 650545 | 225604 | 26 |
| **46** | 162 | 650551 | 231254 | 47 |
| **47** | 161 | 650574 | 230755 | 29 |
| **48** | 144 | 650549 | 230244 | 33 |
| **49** | 143 | 650646 | 230256 | 35 |
| **50** | 40 | 651051 | 224256 | 29 |
| **51** | 39 | 651135 | 224255 | 34 |
| **52** | 57 | 651258 | 224258 | 33 |
| **53** | 56 | 651353 | 224258 | 34 |
| **54** | 55 | 651449 | 224256 | 25 |
| **55** | 54 | 651449 | 223744 | 22 |
| **56** | 53 | 651348 | 223757 | 21 |
| **57** | 52 | 651256 | 223752 | 20 |
| **61** | 37 | 651050 | 224762 | 30 |
| **62** | 38 | 651143 | 224755 | 47 |
| **63** | 58 | 651247 | 224751 | 46 |
| **64** | 79 | 651455 | 225258 | 31 |
| **65** | 78 | 651351 | 225245 | 39 |
| **66** | 77 | 651242 | 225233 | 44 |
| **67** | 76 | 651146 | 225236 | 51 |
| **68** | 75 | 651054 | 225226 | 59 |
| **69** | 59 | 651355 | 224748 | 37 |
| **70** | 60 | 651449 | 224747 | 23 |
| **71** | 81 | 651445 | 225752 | 27 |
| **72** | 82 | 651345 | 225741 | 35 |
| **73** | 83 | 651244 | 225744 | 54 |
| **74** | 130 | 651953 | 224249 | 13 |
| **75** | 140 | 651947 | 223750 | 48 |
| **79** | 80 | 651520 | 225255 | 21 |
| **80** | 96 | 651544 | 225732 | 41 |
| **81** | 97 | 651715 | 225657 | 21 |
| **82** | 98 | 651956 | 225691 | NA |
| **86** | 43 | 651947 | 231247 | 22 |
| **87** | 42 | 651751 | 231247 | 40 |
| **95** | 44 | 651846 | 231764 | 51 |
| **96** | 8 | 651849 | 232251 | 48 |
| **97** | 2 | 651953 | 232762 | 40 |
| **98** | 1 | 651745 | 232769 | 59 |
| **99** | 41 | 651647 | 231739 | 46 |
| **102** | 119 | 652257 | 222596 | 19 |
| **103** | 113 | 652342 | 222260 | 24 |
| **104** | 112 | 652447 | 222248 | 20 |
| **105** | 114 | 652248 | 222253 | 18 |
| **107** | 115 | 652163 | 222268 | 42 |
| **108** | 117 | 652049 | 222728 | 44 |
| **109** | 118 | 652139 | 222742 | 68 |
| **110** | 109 | 652446 | 222751 | 39 |
| **111** | 110 | 652356 | 222755 | 19 |
| **112** | 131 | 652023 | 223146 | 63 |
| **113** | 132 | 652144 | 223241 | 56 |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| **114** | 129 | 652049 | 224238 | 65 |
| **115** | 128 | 652155 | 224251 | 46 |
| **116** | 127 | 652247 | 224246 | 17 |
| **117** | 138 | 652253 | 223854 | 24 |
| **118** | 133 | 652253 | 223257 | 24 |
| **119** | 134 | 652351 | 223244 | 44 |
| **120** | 139 | 652056 | 223747 | 20 |
| **121** | 126 | 652348 | 224242 | 21 |
| **122** | 137 | 652357 | 223744 | 25 |
| **123** | 136 | 652450 | 223802 | 21 |
| **124** | 101 | 652131 | 225717 | 33 |
| **125** | 125 | 652232 | 225312 | 39 |
| **126** | 124 | 652344 | 225265 | 60 |
| **127** | 123 | 652445 | 225237 | 38 |
| **128** | 106 | 652423 | 225664 | 38 |
| **129** | 107 | 652327 | 225621 | 35 |
| **130** | 102 | 652360 | 230199 | 40 |
| **131** | 100 | 652044 | 230556 | 14 |
| **132** | 47 | 652439 | 231258 | 26 |
| **133** | 46 | 652344 | 231446 | 29 |
| **134** | 45 | 652253 | 231750 | 26 |
| **135** | 10 | 652154 | 232250 | 26 |
| **136** | 4 | 652141 | 232768 | 45 |
| **137** | 5 | 652224 | 232764 | 40 |
| **138** | 6 | 652351 | 232765 | 30 |
| **139** | 7 | 652451 | 232764 | NA |
| **140** | 3 | 652035 | 232764 | 47 |
| **141** | 9 | 652031 | 232250 | 23 |
| **142** | 11 | 652352 | 232251 | 8 |
| **144** | 111 | 652547 | 222263 | 18 |
| **145** | 108 | 652550 | 222758 | 19 |
| **147** | 135 | 652552 | 223743 | 18 |
| **148** | 91 | 652950 | 223277 | 27 |
| **149** | 87 | 652957 | 223751 | 26 |
| **150** | 86 | 652948 | 224089 | 18 |
| **151** | 85 | 652875 | 224153 | 22 |
| **152** | 92 | 652856 | 223753 | 22 |
| **153** | 93 | 652751 | 224066 | 34 |
| **154** | 94 | 652648 | 224266 | 27 |
| **155** | 95 | 652651 | 224744 | 20 |
| **156** | 84 | 652853 | 224752 | 16 |
| **157** | 70 | 652846 | 225257 | 26 |
| **158** | 69 | 652955 | 225248 | 17 |
| **159** | 105 | 652679 | 225793 | 17 |
| **160** | 71 | 652754 | 225250 | 36 |
| **161** | 120 | 652650 | 225258 | 54 |
| **162** | 121 | 652538 | 225268 | 25 |
| **163** | 122 | 652541 | 225883 | 37 |
| **164** | 68 | 652856 | 225754 | 23 |
| **165** | 67 | 652949 | 225756 | 23 |
| **166** | 62 | 652957 | 230600 | 23 |
| **167** | 51 | 652831 | 230571 | 24 |
| **168** | 103 | 652576 | 230561 | 25 |
| **169** | 104 | 652578 | 230051 | 25 |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| **170** | 48 | 652539 | 231176 | 20 |
| **171** | 50 | 652767 | 231144 | 19 |
| **173** | 12 | 652551 | 232295 | 25 |
| **174** | 49 | 652743 | 231728 | 21 |
| **175** | 13 | 652650 | 232698 | 18 |
| **176** | 14 | 652536 | 232659 | 27 |
| **178** | 90 | 653050 | 223245 | 17 |
| **179** | 89 | 653151 | 223231 | 40 |
| **180** | 88 | 653054 | 223642 | 16 |
| **181** | 66 | 653063 | 225797 | 19 |
| **182** | 65 | 653143 | 225747 | 41 |
| **183** | 64 | 653155 | 230263 | 24 |
| **184** | 63 | 653045 | 230260 | 41 |
| **185** | 61 | 653044 | 230738 | 24 |
| **186** | 116 | 652052 | 222299 | 27 |
| **187** | 99 | 651945 | 230562 | 51 |

# Viðauki 2.2: Upplýsingar um stöðvar í stofnmælingu beitukóngs 1997-1998

| Stöð nr 97/98 | Staðs_A N breidd | Staðs_A V lengd | Staðs_B N breidd | Staðs_B V lengd | Botndýpi_A | Botndýpi_B |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **1** | 652020 | 223147 | 652025 | 223146 | 65 | 65 |
| **2** | 652143 | 223239 | 652147 | 223233 | 65 | 62 |
| **3** | 652258 | 222594 | 652263 | 222584 | 26 | 29 |
| **4** | 652342 | 222259 | 652345 | 222249 | 29 | 22 |
| **5** | 652447 | 222247 | 652450 | 222235 | 24 | 27 |
| **6** | 652549 | 222263 | 652555 | 222250 | 22 | 20 |
| **7** | 652246 | 222254 | 652242 | 222260 | 22 | 20 |
| **8** | 652299 | 221747 | 652295 | 221760 | 27 | 27 |
| **9** | 652161 | 222268 | 652155 | 222275 | 49 | 49 |
| **10** | 652051 | 222299 | 652047 | 222309 | 27 | 27 |
| **11** | 652048 | 222757 | 652047 | 222771 | 51 | 38 |
| **12** | 652133 | 222747 | 652129 | 222757 | 82 | 73 |
| **13** | 651953 | 224247 | 651956 | 224232 | 18 | 16 |
| **14** | 652051 | 224237 | 652058 | 224234 | 66 | 68 |
| **15** | 652155 | 224249 | 652159 | 224247 | 49 | 49 |
| **16** | 652248 | 224247 | 652256 | 224249 | 20 | 26 |
| **17** | 652252 | 223855 | 652256 | 223848 | 27 | 29 |
| **18** | 652251 | 223254 | 652257 | 223247 | 26 | 24 |
| **19** | 652349 | 223245 | 652343 | 223242 | 51 | 48 |
| **20** | 652551 | 222757 | 652548 | 222742 | 22 | 29 |
| **21** | 652448 | 222751 | 652453 | 222746 | 46 | 48 |
| **22** | 652357 | 222756 | 652362 | 222750 | 24 | 24 |
| **23** | 652054 | 223745 | 652059 | 223739 | 18 | 22 |
| **24** | 651946 | 223750 | 651948 | 223746 | 49 | 46 |
| **25** | 652347 | 224240 | 652342 | 224237 | 40 | 35 |

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **26** | 652358 | 223740 | 652334 | 223733 | 15 | 15 |
| **27** | 652449 | 223803 | 652453 | 223808 | 24 | 26 |
| **28** | 652553 | 223744 | 652548 | 223738 | 22 | 16 |
| **29** | 652715 | 222709 | 652712 | 222712 | 27 | 27 |
| **30** | 652951 | 223275 | 652955 | 223269 | 31 | 29 |
| **31** | 653049 | 223246 | 653054 | 223239 | 22 | 20 |
| **32** | 653150 | 223231 | 653149 | 223223 | 44 | 46 |
| **33** | 653051 | 223645 | 653047 | 223631 | 24 | 31 |
| **34** | 652953 | 223752 | 652948 | 223744 | 26 | 29 |
| **35** | 652948 | 224091 | 652940 | 224082 | 22 | 24 |
| **36** | 652873 | 224155 | 652865 | 224143 | 27 | 24 |
| **37** | 652854 | 223755 | 652860 | 223763 | 24 | 27 |
| **38** | 652752 | 224067 | 652755 | 224076 | 40 | 37 |
| **39** | 652649 | 224266 | 652651 | 224269 | 31 | 35 |
| **40** | 652651 | 224743 | 652654 | 224754 | 24 | 24 |
| **41** | 652855 | 224751 | 652848 | 224746 | 20 | 20 |
| **42** | 652848 | 225257 | 652854 | 225256 | 29 | 31 |
| **43** | 652955 | 225249 | 652949 | 225247 | 22 | 22 |
| **44** | 652685 | 225765 | 652689 | 225777 | 20 | 20 |
| **45** | 652751 | 225249 | 652745 | 225243 | 38 | 44 |
| **46** | 652649 | 225257 | 652642 | 225248 | 57 | 66 |
| **47** | 652542 | 225267 | 652546 | 225275 | 42 | 48 |
| **48** | 652538 | 224880 | 652540 | 224897 | 40 | 42 |
| **49** | 652857 | 225755 | 652861 | 225754 | 22 | 22 |
| **50** | 652950 | 225755 | 652955 | 225758 | 24 | 24 |
| **51** | 653061 | 225797 | 653065 | 225809 | 24 | 29 |
| **52** | 653143 | 225747 | 653148 | 225758 | 42 | 42 |
| **53** | 653153 | 230263 | 653150 | 230253 | 26 | 26 |
| **54** | 653045 | 230259 | 653051 | 230264 | 42 | 42 |
| **55** | 653044 | 230740 | 653040 | 230734 | 27 | 26 |
| **56** | 652954 | 230598 | 652949 | 230586 | 26 | 26 |
| **57** | 652829 | 230573 | 652825 | 230559 | 26 | 26 |
| **58** | 652575 | 230560 | 652569 | 230542 | 26 | 22 |
| **59** | 652578 | 230051 | 652572 | 230041 | 37 | 22 |
| **60** | 652356 | 230242 | 652353 | 230228 | 42 | 42 |
| **61** | 651945 | 231247 | 651940 | 231245 | 31 | 31 |
| **62** | 651848 | 231760 | 651843 | 231748 | 55 | 48 |
| **63** | 651849 | 232263 | 651843 | 232263 | 55 | 59 |
| **64** | 651952 | 232749 | 651961 | 232742 | 46 | 46 |
| **65** | 651846 | 233237 | 651842 | 233236 | 59 | 59 |
| **66** | 651752 | 232749 | 651758 | 232755 | 66 | 66 |
| **67** | 651554 | 232753 | 651549 | 232753 | 44 | 40 |
| **68** | 651649 | 232244 | 651654 | 232246 | 49 | 51 |
| **69** | 651652 | 231741 | 651645 | 231741 | 51 | 55 |
| **70** | 651749 | 231244 | 651755 | 231254 | 53 | 38 |

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **71** | 652042 | 230558 | 652044 | 230542 | 24 | 24 |
| **72** | 652539 | 231180 | 652529 | 231172 | 22 | 22 |
| **73** | 652440 | 231253 | 652444 | 231264 | 29 | 27 |
| **74** | 652345 | 231449 | 652340 | 231432 | 33 | 31 |
| **75** | 652253 | 231749 | 652250 | 231732 | 27 | 31 |
| **76** | 652156 | 232247 | 652150 | 232248 | 40 | 35 |
| **77** | 652145 | 232762 | 652153 | 232768 | 49 | 48 |
| **78** | 652258 | 232756 | 652255 | 232748 | 44 | 44 |
| **79** | 652346 | 232739 | 652343 | 232733 | 29 | 31 |
| **80** | 652452 | 232724 | 652457 | 232724 | 31 | 31 |
| **81** | 652553 | 232295 | 652561 | 232294 | 31 | 31 |
| **82** | 652745 | 231728 | 652742 | 231716 | 22 | 24 |
| **83** | 652768 | 231146 | 652765 | 231125 | 20 | 20 |
| **84** | 652143 | 233755 | 652137 | 233756 | 40 | 42 |
| **85** | 652051 | 234252 | 652056 | 234251 | 57 | 57 |
| **86** | 651947 | 234758 | 651937 | 234756 | 55 | 57 |
| **87** | 652143 | 234764 | 652137 | 234767 | 37 | 31 |
| **88** | 652153 | 234249 | 652164 | 234248 | 38 | 42 |
| **89** | 652255 | 234251 | 652262 | 234253 | 35 | 33 |
| **90** | 652456 | 233732 | 652425 | 233724 | 29 | 31 |
| **91** | 652541 | 233742 | 652535 | 233735 | 20 | 22 |
| **92** | 652344 | 233728 | 652338 | 233719 | 37 | 37 |
| **93** | 652354 | 233297 | 652349 | 233292 | 35 | 35 |
| **94** | 652648 | 232697 | 652645 | 232684 | 24 | 24 |
| **95** | 652536 | 232662 | 652544 | 232658 | 35 | 35 |
| **1** | 650606 | 223143 | 650602 | 223137 | 49 | 50 |
| **2** | 650711 | 223280 | 650707 | 223275 | 35 | 36 |
| **3** | 650656 | 223503 | 650652 | 223497 | 18 | 24 |
| **4** | 650544 | 223248 | 650540 | 223240 | 48 | 49 |
| **5** | 650474 | 223363 | 650477 | 223365 | 36 | 36 |
| **6** | 650452 | 223739 | 650457 | 223742 | 38 | 41 |
| **7** | 650379 | 223758 | 650384 | 223760 | 18 | 20 |
| **8** | 650551 | 223753 | 650556 | 223756 | 28 | 27 |
| **9** | 650560 | 224243 | 650552 | 224246 | 46 | 55 |
| **10** | 650482 | 224260 | 650480 | 224263 | 34 | 39 |
| **11** | 650230 | 232250 | 650235 | 232253 | 35 | 35 |
| **12** | 650346 | 232259 | 650351 | 232261 | 41 | 38 |
| **13** | 650436 | 232250 | 650431 | 232246 | 34 | 28 |
| **14** | 650259 | 232716 | 650255 | 232710 | 39 | 38 |
| **15** | 650162 | 232731 | 650158 | 232724 | 44 | 36 |
| **16** | 650049 | 232752 | 650043 | 232748 | 40 | 41 |
| **17** | 650051 | 232257 | 650057 | 232261 | 33 | 32 |
| **18** | 650152 | 232257 | 650157 | 232262 | 41 | 40 |
| **19** | 650051 | 231754 | 650058 | 231764 | 24 | 28 |
| **20** | 650571 | 221960 | 650577 | 221952 | 28 | 25 |

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **21** | 650487 | 221424 | 650482 | 221421 | 24 | 26 |
| **22** | 650560 | 220443 | 650566 | 220444 | 25 | 23 |
| **23** | 650661 | 220070 | 650654 | 220065 | 14 | 15 |
| **24** | 650827 | 215339 | 650829 | 215325 | 15 | 16 |
| **25** | 650649 | 224252 | 650656 | 224257 | 28 | 26 |
| **26** | 650766 | 224252 | 650772 | 224249 | 20 | 22 |
| **27** | 650649 | 224680 | 650644 | 224672 | 19 | 19 |
| **28** | 650546 | 224746 | 650541 | 224743 | 40 | 38 |
| **29** | 650456 | 224749 | 650462 | 224756 | 24 | 28 |
| **30** | 650150 | 231747 | 650154 | 231749 | 24 | 24 |
| **31** | 650248 | 231756 | 650254 | 231764 | 24 | 24 |
| **32** | 650348 | 231769 | 650342 | 231770 | 16 | 17 |
| **33** | 650262 | 231255 | 650266 | 231264 | 23 | 24 |
| **35** | 650445 | 231263 | 650451 | 231270 | 33 | 34 |
| **36** | 650459 | 231706 | 650464 | 231710 | 27 | 30 |
| **37** | 650551 | 231255 | 650557 | 231262 | 44 | 49 |
| **38** | 650570 | 230754 | 650574 | 230759 | 26 | 27 |
| **39** | 650548 | 230245 | 650542 | 230240 | 30 | 26 |
| **40** | 650847 | 224262 | 650841 | 224260 | 45 | 40 |
| **41** | 650951 | 224258 | 650957 | 224263 | 35 | 35 |
| **42** | 651051 | 224257 | 651055 | 224263 | 26 | 26 |
| **43** | 651154 | 224258 | 651158 | 224262 | 36 | 37 |
| **44** | 651255 | 224256 | 651260 | 224261 | 32 | 33 |
| **45** | 651351 | 224258 | 651357 | 224265 | 34 | 33 |
| **46** | 651447 | 224260 | 651454 | 224265 | 26 | 26 |
| **47** | 650843 | 224749 | 650849 | 224754 | 25 | 24 |
| **48** | 650948 | 224761 | 650954 | 224763 | 27 | 26 |
| **49** | 651051 | 224765 | 651058 | 224771 | 27 | 27 |
| **50** | 651145 | 224756 | 651151 | 224758 | 43 | 39 |
| **51** | 651246 | 224753 | 651250 | 224755 | 45 | 44 |
| **52** | 650451 | 225255 | 650457 | 225262 | 22 | 26 |
| **53** | 650553 | 225246 | 650558 | 225249 | 25 | 24 |
| **54** | 650459 | 230753 | 650449 | 230752 | 35 | 34 |
| **55** | 650349 | 230761 | 650342 | 230764 | 22 | 25 |
| **56** | 650251 | 230744 | 650244 | 230747 | 24 | 24 |
| **57** | 650155 | 230743 | 650149 | 230737 | 38 | 41 |
| **58** | 650038 | 230260 | 650044 | 230258 | 26 | 27 |
| **59** | 650150 | 230251 | 650156 | 230247 | 18 | 20 |
| **60** | 650246 | 230260 | 650240 | 230261 | 24 | 26 |
| **61** | 650245 | 225759 | 650238 | 225753 | 26 | 27 |
| **62** | 650151 | 225728 | 650157 | 225731 | 27 | 23 |
| **63** | 650253 | 225250 | 650259 | 225257 | 34 | 31 |
| **64** | 651519 | 225256 | 651513 | 225257 | 22 | 22 |
| **65** | 651451 | 225258 | 651445 | 225258 | 31 | 31 |
| **66** | 651348 | 225245 | 651342 | 225241 | 43 | 47 |

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **67** | 651239 | 225232 | 651233 | 225232 | 45 | 45 |
| **68** | 651147 | 225236 | 651141 | 225241 | 51 | 51 |
| **69** | 651051 | 225231 | 651046 | 225227 | 60 | 61 |
| **70** | 650946 | 225223 | 650940 | 225221 | 31 | 14 |
| **71** | 651352 | 224742 | 651357 | 224740 | 36 | 38 |
| **72** | 651451 | 224748 | 651457 | 224746 | 23 | 22 |
| **73** | 651445 | 223744 | 651440 | 223746 | 25 | 27 |
| **74** | 651347 | 223755 | 651341 | 223752 | 23 | 24 |
| **75** | 651257 | 223751 | 651251 | 223754 | 22 | 22 |
| **76** | 650369 | 230217 | 650376 | 230218 | 22 | 23 |
| **77** | 650450 | 230252 | 650456 | 230252 | 37 | 36 |
| **78** | 650644 | 230256 | 650650 | 230262 | 35 | 37 |
| **79** | 650650 | 225753 | 650656 | 225757 | 26 | 28 |
| **80** | 650743 | 225761 | 650737 | 225758 | 43 | 41 |
| **81** | 650849 | 225248 | 650843 | 225245 | 31 | 30 |
| **82** | 650752 | 225244 | 650746 | 225241 | 31 | 31 |
| **83** | 650648 | 225243 | 650642 | 225239 | 25 | 25 |
| **84** | 650547 | 225604 | 650541 | 225607 | 25 | 26 |
| **85** | 650443 | 225740 | 650448 | 225743 | 31 | 24 |
| **86** | 650348 | 225237 | 650342 | 225236 | 23 | 24 |
| **87** | 650380 | 224753 | 650386 | 224756 | 24 | 24 |
| **88** | 651447 | 225751 | 651442 | 225752 | 24 | 27 |
| **89** | 651347 | 225736 | 651342 | 225735 | 33 | 34 |
| **90** | 651247 | 225744 | 651242 | 225743 | 52 | 54 |
| **91** | 651542 | 225732 | 651545 | 225740 | 39 | 34 |
| **92** | 651715 | 225658 | 651710 | 225654 | 22 | 24 |
| **93** | 651937 | 225691 | 651931 | 225690 | 38 | 27 |
| **94** | 652131 | 225717 | 652125 | 225716 | 34 | 32 |
| **95** | 652231 | 225315 | 652237 | 225319 | 38 | 32 |
| **96** | 652340 | 225262 | 652333 | 225259 | 35 | 49 |
| **97** | 652443 | 225239 | 652436 | 225233 | 39 | 46 |
| **98** | 652424 | 225666 | 652428 | 225678 | 38 | 34 |
| **99** | 652327 | 225622 | 652333 | 225619 | 35 | 39 |

# Viðauki 3: Helstu tegundir



45 Beitukóngur *Buccinum undatum*



196 Hafkóngur *Neptunea despecta*



42 Trjónukrabbi *Hyas araneus*



689 Grjótkrabbi *Cancer irroratus*



698 Stórkrossi *Asterias rubens*



694 Roðakrossi *Henricia sanguinolenta*



693 Sæsól *Crossaster papposus*



663 Sólstjarna *Solaster endeca*



195 Grænígull *Strongylocentrotus droebachiensis*



198 Marígull *Echinus esculenta*

HAFRANNSÓKNASTOFNUN

Rannsókna- og ráðgjafarstofnun hafs og vatna